



## Fundargerð

Fundur í skipulags-, bygginga-, húsnæðis- og hafnarnefnd Reykhólahrepps  
mánudaginn 12. maí 2014 kl. 10.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Sveinn Ragnarsson formaður, Herdís Erna Matthíasdóttir og Egill Sigurgeirsson.  
Einnig sátu fundinn Bogi Kristinsson skipulags- og byggingafulltrúi og Ingibjörg B.  
Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er tvær blaðsíður.

Formaður bauð fólk velkomið, þá var gengið til dagskrár.

## Dagskrá:

### Mál til afgreiðslu

#### 1. 1405016 – Umsókn um byggingarlóð undir atvinnuhúsnæði.

Erindi frá Norður & Co ehf. móttekið 6. maí 2014.

*Byggingafulltrúa falið að ræða við forsvarsmenn Norður & Co um lóðarval, til greina koma lóðirnar 7-9 að Suðurbraut, óstofnaðar en deiliskipulagðar lóðir á iðnaðarsvæði í þéttbýli Reykhólahrepps.*

*Nefndin leggur til að lóð 7 verði úthlutað og felur byggingafulltrúa að stofna lóðina og úthluta henni. Samþykkt samhljóða.*

#### 2. 1405017 – Fremri Gufudalur 139558, breyting á deiliskipulagi.

Drög að breyttu deiliskipulagi frá Teiknistofunni Eik ehf. dagsett 29. apríl 2014.

*Skipulagsbreytingin felst í að ný íbúðarhúsalóð er skilgreind innan skipulags-svæðisins. Skipulagsmörkum er hnikað lítillega til vegna þessa og tekur deiliskipulagið því til 22,3 ha svæðis í stað 21,5 ha á heimatúni Fremri-Gufudals.*

*Nefndin leggur til að deiliskipulagstillagan verði samþykkt til auglýsingar skv. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykkt samhljóða.*

#### 3. 1301023 – Strýta 139757, byggingarleyfi, geymsla.

*Skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fór fram grenndarkynning fyrir byggingu geymslu við Strýtu í Flatey. Um er að ræða 21 m<sup>2</sup> geymslu með veggshæð 2,2 m og hámarkshæð 3,19 m við sumarhúsið Strýtu í Flatey. Engar athugasemdir voru gerðar. Umsagnir bárust frá Breiðafjarðarnefnd 12. febrúar 2014 og Minjastofnun 5. maí 2014.*

*Byggingarleyfi er samþykkt samhljóða, byggingafulltrúa falið að gefa út byggingarleyfi eftir að öll gögn hafa borist.*

*Nefndin bendir á að endurnýja þarf lóðaleigusamning við eigendur Strýtu þar sem eldri samningur er útrunninn.*

**Mál til kynningar:**

**1. Skráning skipulagsfulltrúa 2014.**

Yfirlit yfir skráða skipulagsfulltrúa frá Skipulagsstofnun dagsett 14. apríl 2014.

*Lagt fram.*

**Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin**

**Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 11.50.**

_____	_____
_____	_____
_____	_____